



163. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal fimmtudaginn 11. júní 2009 og hófst kl. 15:30.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Helgi Sigurðsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 1. varamaður, Þorgrímur Þráinsson 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu Lárus Blöndal varaforseti, Helga H. Magnúsdóttir, Friðrik Einarsson, Jón Gestur Viggósson og Gústaf A. Hjaltason 3. varamaður.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

1. Kvennahlaup ÍSÍ – 20 ára

Sýnt var myndband sem gert var á 10 ára afmæli Kvennahlaups ÍSÍ.

Í ár á hlaupið 20 ára afmæli. Ingibjörg Bergrós sagði frá undirbúningi hlaupsins og óskaði eftir heimild frá framkvæmdastjórn um að gerð yrði viðbót við myndbandið um sögu síðustu 10 ára til að varðveita heimildir um hlaupið.

Framkvæmdastjórn tók jákvætt í erindið. Erindið verður aftur til umfjöllunar hjá framkvæmdastjórn ÍSÍ þegar fjárhagsáætlun um gerð heimildarmyndar liggur fyrir.

2. Skipan í fastanefndir og vinnuhópa

Forseti lagði fram minnisbláð yfir skipan fastanefnda og vinnuhópa. Samþykkt.

Skrifstofu falið að senda skipunarbréf og setja upplýsingar inn á heimasíðu ÍSÍ.

Forseti óskaði eftir starfsáætlunum frá sviðum og ráðum og að hann og framkvæmdastjóri fái afrit af fundarboðunum nefnda/sviða.

Lagt fram yfirlit yfir skipan í séríþróttagreinaneftir ÍSÍ. Samþykkt.

3. Ólympísk verkefni

Smáþjóðaleikar

Farið yfir Smáþjóðaleika sem haldnir voru 2.-7. júní sl. Leikarnir gengu vel og árangur íslensku keppendanna var góður. Forseti hrósaði fararstjórn fyrir vel unnin störf og gott utanumhald.

Forseti skýrði frá því á aðalfundi GSSE hafi Svartfjallaland verið samþykkt inn sem aðildarþjóð GSSE. Skoða á möguleika þeirra á þátttöku í næstu leikum, í einhverri mynd, en þeir verða með fulla þátttöku árið 2013 í Luxemborg.

Angelo Vicini var einróma kjörinn framkvæmdastjóri GSSE og Jean-Pierre Schoebel formaður Tækninefndar GSSE. Guðmundur Harðarson situr í Tækninefnd leikanna fyrir hönd ÍSÍ.

EYOF

Sumarólympíuhátíð Evrópuæskunnar verður haldin í Tampere í Finnlandi 19.-24. júlí nk.

Undirbúningur gengur vel en áætlað er að ÍSÍ sendi að þessu sinni 55-60 þátttakendur til leikanna.

Vancouver 2010

Verið er að vinna flugbókanir fyrir leikana. Áætlað er að 3-6 íslenskir keppendur verði á leikunum.

4. Íþróttahátíð 2010

Fyrir liggur fyrirspurn frá Íþróttabandalagi Akureyrar um hvort ÍSÍ hyggist standa að Íþróttahátíð árið 2010.

Samþykkt, í ljósi þess að ÍSÍ mun fagna 100 ára afmæli sínu árið 2012, að halda ekki Íþróttahátíð árið 2010 heldur leggja áherslu á fjölbreytta viðburði á afmælisárinu 2012. Samþykkt að skoða mögulega aðkomu ÍSÍ að viðburðum Vetrariþróttamiðstöðvar árið 2010, ef af verður. Skrifstofu falið að svara erindi ÍBA.

Vinnuhópur sem skipaður var til að skoða möguleika á Íþróttahátíð 2010 hefur því lokið störfum.

5. Fundargerðir

Eftirtaldar fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 162. fundur framkvæmdastjórnar
- 7. fundur framkvæmdaráðs frá 28. maí
- Fjármálaráðs frá 26. maí
- Lyfjaeftirlitsnefnd frá 23. mars og 29. maí
- Aðalfundar SÍÓ 28. maí
- Fræðsluviðs frá 20.maí

6. Viðburðir

Forseti skýrði frá nýjum lið á dagskrá funda framkvæmdastjórnar ÍSÍ, til upplýsingar fyrir fundarmenn, um viðburði hérlendis sem erlendis sem framundan eru.

7. Næstu fundir

Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ verða fimmtudaginn 9. júlí kl. 12:00 og 20. ágúst.

8. Önnur mál

Hjólað í vinnuna

Átakið, sem fór fram í maímánuði, tókst afar vel. Bókaðar hamingjuóskir til stjórnar Almenningsíþróttasviðs og sviðsstjóra, Jónu Hildar Bjarnadóttur.

Umboðsmaður barna

Framkvæmdastjóri skýrði frá fundi sem hún átti með Umboðsmanni barna vegna gjaldtöku félagsgjalda barna og unglunga. Skrifstofa ÍSÍ mun koma ábendingum Umboðsmanns barna vegna málsins út til íþróttahreyfingarinnar.

Starfsskýrslur

Skrifstofustjóri skýrði stöðu starfsskýrsluskila. Skrifstofu gefin heimild til að beita keppnisbanni ef skil hafa ekki farið fram 30. júní nk.

Fjárlaganefnd

Gjaldkeri skýrði frá því að búið væri að senda óskir ÍSÍ til Fjárlaganefndar vegna ársins 2010. Jafnframt hefur verið óskað eftir fundi með Fjárlaganefnd.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir fundarritari.